

# SAMKEPPNISTILBOÐ

til hluthafa í Vinnslustöðinni hf. kt. 700269-3299, Vestmannaeyjum

Stilla eignarhaldsfélag ehf. býður hluthöfum í Vinnslustöðinni hf., Vestmannaeyjum að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu með eftirgreindum skilmálum.

Tilboð þetta er sett fram af hálfu Stilla eignarhaldsfélags ehf. á grundvelli 45. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti sem heimilar gerð samkeppnistilboðs til þess að mæta gildandi yfirtökutilboði sem gert hefur verið til hluthafa í félagi sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði.

## Tilboðshafar

Tilboð þetta er í alla hluti í Vinnslustöðinni hf. sem eru í eigu annarra hlutahafa en Stilla ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. Hluthafar sem skráðir eru í hluthafaskrá Vinnslustöðvarinnar hf. við lokun markaða fimmtudaginn 7. júní 2007 munu fá sent til sín tilboðsyfirlit, framsalseyðublað og áletrað svarsendingarumslag.

Framangreind gögn er einnig hægt að nálgast á skrifstofu umsjónaraðila. Að auki má nálgast gögnin í fréttakerfi OMX/Kauphallar Íslands hf. ([www.omxgroup.com/nordicexchange/markadsfrettir/fyrirtakjatilkynningar](http://www.omxgroup.com/nordicexchange/markadsfrettir/fyrirtakjatilkynningar))

## Tilboðsverð

Tilboðsverðið er kr. 8,5 – átta krónur og fimmtíu aurar - í reiðufé fyrir hvern kvaða- og veðbandalausán hlut og er þetta tilboð 85% hærra en sem nemur skyldutilboði Eyjamanna ehf. sem sett var fram til hluthafa í Vinnslustöðinni hf. á grundvelli 37.gr. laga nr. 33/2003 og tók gildi þann 13.maí 2007 með gildistíma til 11. júní 2007. Tilboðsverðið er hið hæsta sem boðið hefur verið í hlut í Vinnslustöðinni hf.

## Gildistími tilboðs

Tilboð þetta gildir í sex vikur, frá kl. 09.00 mánudaginn 11.júní 2007 til kl.16.00 mánudaginn 23. júlí 2007 og telst löglega samþykkt ef það berst umsjónaraðila áður en tilboðsfresti lýkur.

## Greiðsla

Greiðsla verður innt af hendi eigi síðar en innan 5 daga frá lokum tilboðsfrests inn á þann bankareikning sem tilgreindur er í árituðu framsalseyðublaði seljanda.

## Skilyrði tilboðs

Tilboðið er háð þeim skilyrðum sem greinir í hinu opinbera tilboðsyfirliti.



## Umsjónaraðili

Lögfræðiskrifstofa Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, Nóatúni 17, Pósthólf 5189, 125 Reykjavík, hefur umsjón með samkeppnistilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafans.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn stofunnar í síma 533 33 33 auk þess sem hægt er að senda fyrirspurnir á [vnst-tilbod@jonatansson.is](mailto:vnst-tilbod@jonatansson.is) eða [hrobjartur@jonatansson.is](mailto:hrobjartur@jonatansson.is)